

Nd.

347. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv. Það hefur verið túlkað þannig af stjórninni og stuðningsflokkum hennar í umræðum og blaðagreinum, að með því væri létt höftum af þjóðinni, en henni veitt viðskipta- og framkvæmdafrelsi í staðinn.

Stóru orðin stjórnarinnar og flokka hennar um, að ákvæði frumvarpsins feli í sér aukið frelsi í viðskiptamálum, eru aðeins blekkingar. Það sést greinilega með samanburði á frumvarpinu við núgildandi lög um viðskiptamál.

Verzlunin við aðrar þjóðir byggist á útflutningi og sölu á framleiðsluvörum landsmanna. Í 8. gr. frv. er heimild handa ríkisstjórninni til að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar. Slík ákvæði hafa verið í lögum síðan 1940. Hér er því ekki um lagabreytingu að ræða.

Höftin á gjaldeyrisverzluninni eiga einnig að haldast. Samkv. 4. gr. frv. eiga allir þeir, sem eignast erlendan gjaldeyri fyrir útfluttar vörur eða á annan hátt, að selja bönkunum hann fyrir skráð kaupgengi. Fyrirmæli um þetta hafa lengi verið í lögum, og þeim á enn að halda í gildi.

Um vörukaup til landsins er það að segja, að skv. frumvarpinu eiga enn að haldast í lögum fyrirmæli, óbreytt að efni til, um vald ríkisstjórnarinnar til að takmarka vöruinnflutning til landsins. Í 1. gr. laga nr. 88 frá 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., sem nú gilda, segir svo:

„Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjald-eyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstjórnin hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.“

Í stað framangreindra fyrirmæla vill ríkisstjórnin fá lögfest eftirfarandi ákvæði, samkv. 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir:

„Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum.“

Hér er aðeins lítils háttar munur á orðalagi, en efnisbreyting er engin. Hér eftir sem áður á það að vera á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvort og að hve miklu leyti megi flytja vörur til landsins án innflutningsleyfa.

Frumvarpið hefur þannig ekki að geyma nein ákvæði um aukið frelsi viðkomandi verzlun með útfluttar og innfluttar vörur eða ráðstöfun á erlendum gjald eyri. Hins vegar hafa miklar hindranir verið lagðar á veg þeirra, sem fást við verzlun og viðskipti, með öðrum ráðstöfunum á þessu þingi, svo sem með takmörkunum á útlánunum og stórkostlegri vaxtahækkun. Almenn kjaraskerðing hlýtur líka að hafa þau áhrif, að vörukaup dragist saman, enda gerir ríkisstjórnin ráð fyrir, að svo fari. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó að stjórnin hafi í hyggju að gera breytingar á svonefndum frílista, en það hefur hún á valdi sínu án nokkurra lagabreytinga.

Samkvæmt frumvarpinu er það ætlun ríkisstjórnarinnar að fela nýjum aðilum úthlutun gjaldeyris-, innflutnings- og útflutningsleyfa. Innflutningsskrifstofan, útflutningsnefnd og úthlutunarnefnd jeppabifreiða eiga að hætta störfum, en í stað þeirra eiga Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, ríkisstjórnin sjálf og sérstakir trúnaðarmenn hennar að annast úthlutun leyfa. Ekkert er fram tekið í frumvarpinu um það, hve margir þeir „sérstöku trúnaðarmenn“ stjórnarinnar muni verða, og ekki, hvernig þeir verði valdir.

Eins og áður er gert ráð fyrir að innheimta 1% gjald af veittum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til greiðslu kostnaðar við úthlutun leyfa, og samkvæmt því er ekki búizt við, að framkvæmd haftanna verði kostnaðarminni en áður.

Í 7. gr. frv. segir, að ekki megi opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Nú eru það aðeins opinberir aðilar, sem þurfa að fá samþykki til lántöku í öðrum löndum.

Samkvæmt frumvarpinu á að fella niður núgildandi lagaákvæði um, að leyfi þurfi til stærri framkvæmda. En með lagasetningu á þessu þingi, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, hafa verið lagðar stórkostlegar hömlur á verklegar framkvæmdir hjá öllum þorra landsmanna, svo að á því sviði eru nú raunverulega strangari höft og meiri hindranir en nokkru sinni áður. Af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar og allar torvelda mjög nýjar framkvæmdir og framfarir, má nefna gengisbreytinguna og þær stórkostlegu verðhækkanir, sem henni fylgja, niðurskurð lánveitinga frá bönkunum og gífurlega vaxtahækkun; einnig fyrirætlunir stjórnarvaldanna um að sópa fé sparisjóða og innlánsdeilda um land allt inn í banka í Reykjavík, en þær stofnanir hafa gegnt þýðingarmiklu hlutverki hver á sínum stað með stuðningi við gagnlegar framkvæmdir. Allt miðar þetta að því að takmarka framkvæmdamöguleika almennings.

Það er stefna núverandi valdhafa að minnka framkvæmdirnar. En þeir vilja ekki gera það með þeim hætti að stöðva það, sem helzt má án vera, en styðja hitt, sem þarflegast er. Það sjónarmið á ekki lengur rétt á sér að þeirra áliti. Nú eru það peningarnir, sem eiga að ráða. Þeir aðilar einir, sem hafa umráð fjármuna, sem oftast eru að mestu leyti fengnir að láni hjá peningastofnunum þjóðarinnar, geta ráðizt í framkvæmdir og leggja þá yfirleitt fé í það, sem þeir telja ábatavænlegast fyrir sig, en ekki er ætíð það gagnlegasta fyrir þjóðfélagið. Hinir, og þeir eru margfalt fleiri, hafa ekki möguleika til framkvæmda.

Fjöldi manna um land allt, sem hafði í hyggju að afla sér atvinnutækja, sem þeir hafa brýna þörf fyrir, eða að ráðast í nauðsynlegar byggingar og aðrar framkvæmdir á þessu ári, hefur orðið að hverfa frá þeim fyrirætlunum, þar sem framkvæmdirnar eru þeim óviðráðanlegar vegna verðhækkanna miklu, lánsfjárhafanna og vaxtaokursins.

Að sjálfsögðu eru takmörk fyrir því, hve miklum hluta þjóðarteknanna ár hvert er hægt að verja til verklegra framkvæmda og öflunar nýrra atvinnutækja. En því fé, sem til þess fer, þarf að verja þannig, að það komi að sem mestum og almennustum notum og dreifist sanngjarnlega til uppbyggingar og eflingar atvinnulífinu um land allt. Sé þessa ekki gætt, er stór hætt á því, að byggilegir staðir

leggist í auðn. Sú hætta vofir einmitt yfir nú, og gegn henni þarf að snúast til varnar í tíma.

Eins og áður er að vikið, eru engin fyrirmæli um aukið verzlunarfrelsi í þessu frumvarpi, en til þess ætlazt, að vald ríkisstjórnarinnar yfir viðskiptamálunum haldist óskert og óbreytt. Verður þá ekki séð, að ástæða sé til að eyða tíma þingsins í orðalagsbreytingar einar á lagafyrirmælum um þau efni. Hins er vissulega meiri þörf að taka til ihugunar, hvaða ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum sé nauðsynlegt og mögulegt að gera til tryggingar því, að framfarasókn þjóðarinnar geti haldið áfram.

Það er því tillaga mín, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli 4 manna nefnd, er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina, að undirbúa fyrir næsta þing lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endurnýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1960.

Skúli Guðmundsson.